

Verður því sektarkrafan á hendur umboðsmanni stefnanda eigi tekin til greina.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Valdimar Stefánsson, setudómari í máli þessu, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávisunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þórhallur Þorgilsson, Páll Melsted, Kjartan Thors, Magnús Víglundsson og Magnús Thorlacius skulu vera sýknir af kröfum stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um sektir á hendur þeim.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Nr. 84/1947. **Bogi Brynjólfsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Dánarbúi Árna Sigfússonar

(Gústaf A. Sveinsson).

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1947.

Stefndi hefur gert aðallega þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Áfrýjandi hefur aðallega krafizt þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum hluta málsins fyrir Hæstarétti.

Hefur þetta atriði verið sótt og varið sérstaklega fyrir Hæstarétti samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935 um Hæstarétt.

Stefndi reisir kröfu sína um frávisun á því, að umboðsmaður áfrýjanda hafi án samráðs við sig gert útdrátt til afnota við flutning málsins í Hæstarétti. Hafi umboðsmaður áfrýjanda við ágrípsgerð þessa gengið fram hjá fjölda skjala,

sem nauðsynleg séu til skilnings á málavöxtum og til þess, að dómur verði réttilega lagður á málið í Hæstarétti. Hefur umboðsmaður stefnda talið upp í bréfi til Hæstaréttar, dags. 29. júlí f. á., 81 skjal, sem lögð voru fyrir héraðsdóm, en umboðsmaður áfrýjanda hefur felld niður. Það er viðurkennt af umboðsmanni áfrýjanda, að hann hafi gert ágripnið án þess að gefa umboðsmanni stefnda kost á því að taka upp í það þau skjöl, sem hann telur máli skipta. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 112/1935 skulu málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, sem áfrýjað hefur verið, um það, er þeir telja máli skipta. Eðlilegastur skilningur á þessu ákvæði er, að sækjandi máls taki upp í ágrip í samráði við verjanda og kosti fjölritun á þeim skjölum, sem hann metur nauðsynleg til, að málið verði réttilega dæmt í Hæstarétti, og að sækjandi veiti jafnframt verjanda kost á því að koma að í ágripinu og kosta fjölritun á þeim frekari skjölum, sem verjandi telur nauðsynleg sínum málstað til framdráttar. En um endanlegan kostnað af ágripsgerð er dæmt ásamt efni málsins.

Umboðsmaður áfrýjanda veitti umboðsmanni stefnda ekki færi á því að taka upp í ágripnið þau skjöl, sem hann taldi máli skipta. Er málalíbúnaður fyrir Hæstarétti því ekki með þeim hætti, er lög mæla, og leiðir það til frávísunar málsins frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Víta verður áðurgreint hátterni umboðsmanns áfrýjanda, Magnúsar hæstaréttarlögmans Thorlacius.

Dómsorð:

Framangreindu máli er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Bogi Brynjólfsson, greiði stefnda, dánarbúi Árna Sigfússonar, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Í stað kaflans: Eðlilegastur skilningur sínum málstað til framdráttar — komi:

Eðlilegastur skilningur á þessu ákvæði er, að sækjandi máls taki upp í ágríp í samráði við verjanda og kosti fjölritun á þeim skjölum, sem nauðsynleg eru, til að málið verði réttilega dæmt í Hæstarétti. Óski verjandi, að tekin séu í ágríp skjöl eða skjalakaflar, sem sækjandi telur alls ekki máli skipta, ber honum þó að veita verjanda kost á því að koma þeim að, enda greiði verjandi fyrir fjölritun þeirra að svo stöddu.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1949.

Nr. 166/1948. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Jóni Guðmundi Magnússyni (Sigurður Ólason).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði hefur með verknaði þeim, sem lýst er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við tilkynningu verðlagsstjóra frá 4. apríl 1944, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 70/1947 svo og 2. gr. reglugerðar viðskiptamálaráðuneytisins og auglýsingu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947, sbr. 2. málgr. 11. gr. laga nr. 70/1947. Þykir refsing kærða samkvæmt 22. gr. síðasttalinna laga hæfilega ákveðin eins og segir í héraðsdómi, þó svo, að vararefsingin verði 15 daga varðhald og greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Kærði greiði og allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en